

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hraðfrystihúsið Gunnvör Álftafirði og Seyðisfirði við Ísafjarðardjúp.



Dags eftirlits	28.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Hraðfrystihúsið Gunnvör	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hnífsdalsbryggju	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630169-2249	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján G Jóakimsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	319330,844 620949,203

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram og tvær ábendingar eru gerðar er varðar gildistíma starfsleyfis og gagnaskil.

UMFANG EFTIRLITS

Rekstraraðili staðfesti í tölvupósti þann 11. janúar sl. að fiskur hafi verið í kvíum á svæðinu í janúar og febrúar 2018 en seinasta fiskinum slátrað upp þann 12. febrúar 2018. Einnig staðfesti Matvælastofnun í tölvupósti þann 12. desember sl. að enginn fiskur væri á svæðinu á vegum rekstraraðila.

Nánari útlitun á frávik frá gr. 1.2: Tímabundin undanþága ráðherra frá starfsleyfi, til að framleiða 400 tonn af regnbogasilungi og 1600 tonn af þorski í stað 2000 tonna af þorski, rann út 1. mars 2016.

Nýtt starfsleyfi Háafells, á sama eldissvæði, til eldis regnbogasilungs og þorsks var gefið út 25.10.2016 og felld úr gildi skv. úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 20.06.2017. Eldi regnbogasilungs á svæðinu var því óheimilt frá miðju ári 2017. Enginn fiskur hefur verið á svæðinu á vegum rekstraraðila síðan í febrúar 2018 og frávikinu telst því lokið.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi ársins 2017 hefur verið skilað.

Frávik frá	Lýsing á frávik
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Starfsleyfið tók til framleiðslu á allt að 2000 tonnum af þorski á ári. Rekstraraðili ól regnbogasilung á svæðinu þar til í febrúar 2018, sjá nánar undir umfang eftirlits. Frávikinu telst lokið.
Gr. 1.6 í starfsleyfi	Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi. Eftirlitsaðila var ekki tilkynnt um tímabundna stöðvun rekstrar. Frávikinu telst lokið en stofnunin minnir á að skv. gr. 1.7 í starfsleyfi skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um að fiskeldisstöðin hafi verið tekin í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Ársyfirlit skal berast fyrir 1. mars ár hvert. Ársyfirliti 2017 var ekki skilað fyrir 1. mars sl. Ársyfirlit barst með grænu bókhaldi 19. júní sl. og frávikinu telst því lokið.
Gr. 3.6 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald og útstreymisbókhald bærust 19. júní sl. og frávikinu telst því lokið.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að starfsleyfi Hraðfrystihússins Gunnvarar rann út þann 1. september sl. Ný starfsleyfisumsókn Háafells vegna eldis á svæðinu frá 17. ágúst sl. er enn til afgreiðslu stofnunarinnar. Hyggist rekstraraðili halda áfram rekstri á svæðinu áður en nýtt starfsleyfi er gefið út bendir stofnunin á að unnt er að óska eftir tímabundinni undanþágu umhverfis- og auðlindaráðherra frá kröfu um starfsleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Óski rekstraraðili eftir nánari upplýsingum um stöðu starfsleyfisumsóknar skal hafa samband við teymi starfsleyfa og umsagna hjá stofnuninni. Að óbreyttu er öll útsetning seiða óheimil á svæðinu uns nýtt starfsleyfi er gefið út.

Rekstraraðila er einnig bent á að senda niðurstöður mælinga 2018 sem fyrst, skila ársyfirliti fyrir 1. mars nk. og grænu bókhaldi fyrir 1. maí nk.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.02.2019



Hulda Soffía Jónasdóttir

